

Skjáskot af auglýsingu á vef Mosfellsbæjar:

[Þjónusta](#) > [Skipulag og umhverfi](#) > [Skipulagsmál](#)

## Grenndarkynning vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Kvíslartungu 134

25.02.2022

Á fundi Skipulagsnefndar Mosfellsbæjar þann 18. febrúar sl. var samþykkt að grenndarkynna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, umsókn eigenda Kvíslartungu 134 um breytingu á deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að byggingareitur á lóð 134 við Kvíslartungu verði færður til um 3 m til suðvesturs, til að skapa meiri rýmd norðaustan til á lóðinni.

Meðfylgjandi er tillöguuppráttur sem sýnir framangreindar breytingar.

- [Kvíslartunga 134 - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu \(pdf\)](#)

Um að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Hér með er gefinn kostur á að koma athugasemdum eða ábendingum á framfæri vegna breytinganna sem sótt hefur verið um. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á [skipulag\[hja\]mos.is](mailto:skipulag[hja]mos.is).

**Frestur til að skila inn athugasemdum/ábendingum er til og með 30. mars nk.**

Til baka